1. útgáfa 09.05.2013

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Lím Tech f/kappa/bætur/tappa 230ml.m/pensli**

Vörunúmer: **664 210 760**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Hjólbarðalím til notkunar í atvinnuskyni

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 535 9000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Tech Europe
15 Ballinderry Road
BT28 2SA Lisburn
Bretland

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Eldf.vökvi 2, Eit.v.ásvelg.1, Langv.eit.á vatn 2, Húðert. 2, SEM-VES 3

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum).

Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:

F	H11	Mjög eldfimt
Xi	H38	Ertir húð
N	H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum á lífríki í vatni.
Xn	H65	Hættulegt, getur valdið lungnaskaða við inntöku
	H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættutákn

Viðvörunarorð: **HÆTTA**

Merking skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum).

Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:

Varnaðarmerki

F
N
Xn



Hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
	P233	Umbúðir skulu vera vel luktar.
	P273	Forðist losun út í umhverfið.
	P281	Notið tilskildar persónuhlífar.
	P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
	P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: Engar.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Leysibensín (úr jarðolíu), létt, alifatískt			
Skráningarnúmer ECHA	05-2114107985-43	**Innihald %**	90-100
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	F, N, Xn, Xi
EINECS, ELINECS	265-192-2	**H-setningar**	H11, H38, H51/53, H65, H67
CAS	64742-89-8	**Flokkun, hættumerking**	Eldfimt,Hættulegt heilsu, Ertandi, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg.1 **- H304,** Húðert.2 - **H315,** SEM-VES 3 - **H336,** Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	0-5
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	Xi, N
EINECS, ELINECS	136-23-2	**H-setningar**	H346/37/38, H43, H50/53
CAS	205-232-8	**Flokkun, hættumerking**	Ertandi, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðert.2 - **H315,** Augnert.2 **- H319,** SEM-VES 3 - **H335, Bráð**.eit.á vatn 2 - **H400**			

Náttúrugúmmí			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	0-10
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	-	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			**-**

Annað: Samkvæmt ath.semd P í reglugerð 1272/2008: Flokkun sem krabbameins- eða stökkbreytinga-valdur á ekki við, sé unnt að sýna fram á að innihalds bensens (EINECS Nr. 200-753-7) sé undir 0,1%.

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Gætið að eigin öryggi. Leitið strax læknis verði vart við ertingu í öndunarfærum, svima, ógleði, eða missi hinn slasaði meðvitund. Notið öndunarbúnað við truflanir á öndun.
Snerting við húð	Hreinsið húð með sápu og vatni. Veldur yfirleitt ekki ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis.
Inntaka	Leitið strax læknis og sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Höfuðverkur, sljóleiki, svimi, ógleði, og önnur einkenni sem stafa frá miðtaugakerfi. Dofi, krampar, þróttleysi og lömunareinkenni geta komið síðar fram. Kláði, roði, og bólgur í húð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Við innöku getur varan ásvelgst í lungu og valdið lungnabólgu. Meðferð eftir einkennum. Þessi vara getur valdið truflunum á starfsemi hjartans, sé styrkur mjög hár (langt yfir mengunarmörkum), eða séu váhrif samfara mikilli streitu eða inntöku lyfja eins og epinefrín. Forðist að gefa slík lyf. Einstaklingar með undirliggjandi taugasjúkdóma ættu að forðast snertingu við vöruna.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, froða, slökkviduft, kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Mjög eitrað lífríki í vatni með langvinnum áhrifum. Bruni myndar daunillar og eitraðar gufur. Við bruna geta eftirfarandi efnasambönd myndast: Kolefnisoxíð, vetniskolefni, nituroxíð (NOx), brennisteinsoxíð, vetnissýaníð (blásýra) og málmoxíð.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið svæðið. Hafi ekki kviknað í efni sem lekið hefur út, notið vatnsúða til að dreifa gufu og til verndar þeim sem reyna að stöðva leka.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.
Notið viðeigandi persónuhlífar. Sjá liði 4, 5 og 8.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu.
Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 6.1.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.
Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta inni haldið efnaleifar.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.
Geymið fjarri beinu sólarljósi og og háu hitastigi.
Efni sem samrýmast ekki: Náttúrugúmmí, bútýlgúmmí, EPDM, pólýstýren.

7.3 Sértæk, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
N-hexan (CAS Nr. 110-540-3	20	72	750	1810	EH40

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði
Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Persónuhlífar
Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.



Augnhlífar
Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur
Notið leysiefnahelda hanska úr nítrílgúmmíi (EN 374 / EN 420).
Athugið upplýsingar framleiðanda um gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað
Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri
Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A.
(EN 136 / EN 140 / EN 405 / EN 143 / EN 149).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Seigfljótandi vökvi	
Lykt:	Paraffínlykt	
Litur:	Fölgulur	
Suðumark:	98-110°C	
Blossamark:	<20°C	(IP 170)
Sjálftendrunarmark:	350°C	(ASTM E-659)
Lægri sprengimörk í lofti:	1,0%	
Hærri sprengimörk í lofti:	7,5%	
Gufunarhraði:	3,2	(bútýl asetat = 1)
Gufuþrýstingur (20°C):	38	mm Hg
Eðlismassi gufu:	3,3	(loft =1)
Eðlismassi við 15,5°C:	0,750	g/cm^3
Leysni í vatni:	<0,1	g/l
Leysni:	Blandast með vetniskolefnisleysum.	
Deilistuðull oktanól/vatn:	ca. 4	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Sjá einnig liði 10.4 til 10.6.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki vænst.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Sjá einnig lið 7. Hátt hitastig, opinn eldur,neistar og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sýrur.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta eftirfarandi efnasambönd myndast: Kolefnisoxíð, vetniskolefni, nituroxíð (NOx), brennisteinsoxíð, vetnissýaníð (blásýra) og málmoxíð.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif: Hár styrkur getur bælt miðtaugakerfi og valdið höfuðverk, svima og ógleði.
Til lengri tíma gæti innöndun valdið meðvitundarleysi og leitt til dauða.

Lím Tech f/kappa/bætur/tappa 230ml.m/pensli					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	20	mg/L 4klst	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	

Húðerting: Veldur ertingu. Langvinn / endurtekin snerting getur affitað húð og valdið þurri og sprunginni húð.
Augnerting: Veldur ekki ertingu, þó gæti gufa ert augu.
Öndunarfæri: Innöndun gufu gæti valdið ertingu í öndunarfærum.
Æting: Gæti ert húð við langvinna snertingu.
Næming: Ekki talið valda næmingu í húð og öndunarfærum.
Endurtekin váhrif: Veldur skaða á líffærum og miðtaugakerfi við langvinna / endurtekna snertingu.
Krabbamein: Engar vísbendingar.
Stökkbreytingar: Engar vísbendingar.
Eitrun æxlunarfæra: Váhrif svipaðra efna hafa verið tengd truflunum á starfsemi hjartans.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Engar upplýsingar liggja fyrir um vöruna sjálfa, en hún inniheldur eftirfarandi efnasambönd sem eru skaðleg umhverfinu: Leysibensín úr jarðolíu, létt alifatískt, Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat).

Leysibensín (úr jarðolíu), létt, alifatískt					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	EC_{50}	4700 mg/l	72 klst	Þörungar	
PBT/vPvB	Inniheldur engin slík efnasambönd.				

Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	520 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	0,74 mg/l	48 klst	Daphnia	
PBT/vPvB	Inniheldur engin slík efnasambönd.				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Número 1133
Efnisheiti v. flutninga: ADHESIVES
Hættuflokkur: 3
Hættuundirflokkur: 33
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IATA:
UN Número 1133
Efnisheiti v. flutninga: ADHESIVES
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já



IMDG:

UN Número	1133
Efnisheiti v. flutninga:	ADHESIVES
Hættuflokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II
EMS:	-
Sjávarmengandi:	Já



Aðrar varúðarráðstafanir: Varan fellur undir eftirfarandi: F1, eldfimir vökvar með blossamark undir 61°C.
Athugið magntakmarkanir í flutningi.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 .
Íslenskar reglugerðir 236/1990 og 866/210.

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum

H11	Mjög eldfimt
H36/37/38	Ertir augu, öndunarfæri og húð
H38	Ertir húð
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H50/53	Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H51/53	Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

Útgáfa: 1
Dags: 09.05.2013

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***TECH EUROPE***
Safety data sheet, according to EC-regulations 1907/2006 (REACH) and 1272/2008 (CLP)
TECH CHEMICAL VULCANISING FLUID
Útgáfa: *14.03.2011 Útgáfa 2.0*